

Menntaskóli Borgarfjarðar
Umbótaáætlun 2018 - 2021

Mars 2018

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir
Skólameistari

Ytri úttekt var gerð á starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar í september 2017 en skýrsla matsnefndarinnar var móttekin 30. janúar 2018. Í skýrslunni koma fram tækifæri til umbóta en í meðfylgjandi bréfi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu kemur fram að skólameistari skuli skila af sér tímasettri umbótáætlunskýrslu til ráðuneytisins fyrir 23. mars 2018. Skýrslan hefur verið send til allra sem hlut eiga að máli auk þess sem skýrslan var kynnt á starfsmannafundi. Skólameistari og aðstoðarskólameistari komu að gerð umbótaáætlunar auk þess sem starfsfólk fékk tækifæri til að koma með sínar ábendingar og skoðanir.

Þau atriði sem listuð er hér fyrir neðan eru þau sem stjórnendur og starfsfólk Menntaskóla Borgarfjarðar töldu vera helstu tækifæri til umbóta fyrir Menntaskóla Borgarfjarðar af þeim sem matsaðilar telja til tækifæra. Aðrir þættir sem matsaðilar tilgreina sem tækifæri til umbóta telja stjórnendur og starfsmenn ekki í forgangi á næstu misserum og í einhverjum tilfellum ekki í þeirra höndum að breyta.

Matsþáttur	**Tækifæri til umbóta skv. skýrslu**	**Tillögur skóla að umbótum**	**Ábyrgðaraðili**	**Hvenær hefst**	**Hvenær lokið**	**Hvernig metið**
Matsþáttur 1	Ástæða er til að endurskoða þau atriði sem talin eru marka MB sérstöðu meðal íslenskra framhaldsskóla	Vinna hafin að nokkru leyti. Aðgerðaráætlun í gangi. Efla leiðsagnarmat, skoða kennsluaðferðir.	Skólameistari/aðstoðarskólameistari	Þegar hafið	Nóvember 2018	Rýnihópar og kannanir
	Ágreiningur er meðal starfsmanna um það hvort skólastefnan sé skýr og óvissa er meðal þeirra um hvort hún endurspeglist í öllum starfsháttum skólans	Að farið sé með skýrum hætti yfir skólastefnuna og skerpt á þeim ásamt því að endurskoða skólastefnu	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, starfsfólk	September 2018	Nóvember 2018	Rýnihópar og kannanir. Ný skólasefna

	Virkja þarf skólaráð með það að markmiði að auka reglubundið samtal innan skóla	Skólaráð verði virkjað. Fundir haldnir með reglubundnum hætti líkt og í skólanefnd	Skólameistari	Mars 2018	Reglubundið	Fundargerðir
	Stofna þarf sjálfsmatsnefnd með þátttöku allra hagsmunaaðila í MB til þess að kalla fram sem flest sjónarmið	Sjálfsmatsnefnd stofnuð	Aðstoðarskólameistari	Apríl 2018	Reglubundið	Fundargerðir
Matsþáttur 2	Námsframboð er tiltölulega fábreytt	MB er fámennur skóli en reynt er hverju sinni að bjóða uppá sem fjölbreyttast námsframboð. Partur af endurskoðun sem er í gangi. Fjarmenntaskólinn spilar mikilvægt hlutverk í þessum þætti sem gerir MB kleift að bjóða nemendum sínum uppá fleiri áfanga	Skólameistari, aðstoðarskólameistari	Þegar hafið	Reglubundið	Námsframboð hverju sinni
	Manna þarf starfsbraut með fleiri einstaklingum til þess að minnka álag	Að þetta atriði verði skoðað í víðara samhengi svo sem í tengslum við nýja framhaldsskólabraut sem kennsla hefst samkvæmt á haustönn 2018	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennslustjóri starfsbrautar	Maí 2018	Reglubundið	Starfsmaður ráðinn, fundargerðir

	Íhuga þarf alvarlega stofnun sérstaks skólabókasafns og/eða námsvers sem þjónustar bæði nemendur og kennara innan skólans	Samtal á sér nú þegar stað við Borgarbyggð um væntanlegt bókasafn innan veggja skólans.	Skólameistari	Mars 2018	Vorönn 2019	Bókasafn kemur í húsið eða ekki
	Vinna þarf skipulega að því að rjúfa vissa faglega einangrun kennara sem flestir eru einyrkjar í sinni kennslugrein	Samstarf við FVA og FSN hefur verið í mótun og mun halda áfram. Fagfélögin skipa líka mikilvægt hlutverk í þessu samhengi. Kennarar verða líka að bera sig eftir slíku	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, kennarar	Þegar hafið	Reglubundið	Fundir, námsskeiðsþátttaka innan fagfélaga
Matsþáttur 3	Þróa þarf og taka upp matsaðferð sem mælir með óyggjandi hætti líðan nemenda í skólanum	Líðan nemenda er nú þegar könnuð reglulega en MB hefur ekki verið þátttakandi í t.d. skólapúlsinum. Skoða þátttöku MB í skólapúlsi.	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, námsráðgjafi	Haustönn 2018	Reglubundið	Niðurstöður úr innanhúss könnunum og/eða Niðurstöður úr skólapúlsi.
	Endurskoða þarf skólareglur og viðurlög við þeim með það að markmiði að brot á reglunum taki til allra, ekki aðeins nemenda	Regluverk sé yfirfarið	Skólameistari, aðstoðarskólameistari, skólanefnd, skólaráð	September 2018	Reglubundið	Skólareglur
	Foreldraráðið þarf að efla og virkja til frekara samstarfs innan skóla	Foreldraráð verði kallað saman ásamt stjórn nemendafélagsins	Skólameistari	Maí 2018	Reglubundið	Fundargerðir

	Stefna ber að auknum samskiptum milli grunn- og framhaldsskólakennara í Borgarbyggð með það að markmiði að samhæfa áherslur og auka samfellu innan einstakra námsgreina	Samtalið á sér stað. Fundað hefur verið um þetta málefni meðal stjórnenda grunn- og framhaldsskóla í Borgarbyggð og því verður haldið áfram	Skólameistari, aðstoðarskólameistari	Þegar hafið	Reglubundið	Fundargerðir
Matsþáttur 5	Skólinn getur nýtt sér niðurstöður úr vörðum hverrar annar til þess að fá skýra tölfræðilega mynd af hvoru tveggja raunverulegu námsgengi einstakra nemenda og skilgreindra nemendahópa	Að teknar séu saman niðurstöður eftir hverja vörðu til að skoða námsgengi nemenda	Skólameistari	Febrúar 2018	Reglubundið	Sjálfsmatsskýrslur
	Vinna þarf að gæðamælikvörðum sem taka til þess hversu vel tekst að vinna með grunnþætti menntunar í daglegu skólastarfi	Til greinagerð frá 2014 en skoða þarf þessa þætti aftur	Skólameistari, aðstoðarskólameistari	Október 2018	Nóvember 2018	Fundargerðir
	Eðlilegt er að nemendur eigi aðild að vinnuhópum um stefnumótun skólans	Virkt samtal við stjórn nemendafélag MB	Skólameistari	Mars 2018	Reglubundið	Stefnumótun með þátttöku nemenda. Fundargerðir
	Afla þarf upplýsinga um raunverulegt gengi brautskráðra	Að gerðar séu kannanir. Útfæra þarf hvernig það verði gert	Skólameistari, aðstoðarskólameistari	September 2018	Reglubundið	Sjálfsmatsskýrslur

	nemenda á næsta skólastigi og í atvinnulífi					